

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júní 2011
Tilvísun: UST20110600061/vgh

Efni: Deiliskipulag neðan Gleiðarhjalla vegna varnargarða

Vísað er til bréfs sviðsstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar dags. 6. júní s.l. þar sem samkvæmt 40. gr Skipulagsslaga nr. 123/2010 er óskað umsagnar Umhverfisstofnunar á fyrirhuguðu deiliskipulagi vegna varnargarða í hlíðinni neðan Gleiðarhjalla.

Fyrirhugað deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 þar sem gert er ráð fyrir varnarvirkjum neðan Gleiðarhjalla. Svæðið er í hlíðinni ofan Efri byggðarinnar á Ísafirði og nær frá Urðarvegsbrekkunni og inn fyrir íbúðabyggðina að gamla námuveginum utan við Grænagarð. Eitt af markmiðum aðalskipulagsins er að tryggja öryggi íbúa m.t.t. ofanflóða. Deiliskipulagið mun byggja á núverandi hættumati vegna ofanflóða fyrir Ísafjarðarbæ sem og endurskoðuðu mati sem staðfest verður á árinu 2011. Ofanflóðahættumatið lýsir samanlagðri hættu vegna snjóflóða, aurflóða og grjóthruns og samkvæmt matinu er fjöldi bygginga á hættusvæðum C, B og A. Stækka á núverandi varnarvirki ásamt uppkaupum á íbúðarhúsum. Varnarvirki sem þessi eru háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Ekki verður fjallað um mismunandi valkosti í umhverfismatinu þar sem slíkt hefur þegar verið gert í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Hins vegar verður fjallað um mótvægisáðgerðir sem snúa að því að lágmarka rask og neikvæð áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd svæðisins sem og að bæta upp þau gæði sem hugsanlega tapast við framkvæmdina. Umhverfismatinu er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun með því að leggja til grundvallar umhverfis-, félagsleg- og efnahagsleg sjónarmið.

Framkvæmdasvæðið

Stærstur hluti skipulagssvæðisins er raskaður vegna fyrri varnarvirkja, efnistöku, tún- og skógræktar. Efri hluti svæðisins er að hluta lítið eða ekkert raskaður. Háspennustrengur og vatnsveituæð liggur á svæðinu. Gleiðarhjalli í Eyrarfjalli er um 450 m hár og tæpir 2 km að lengd en fjallið sjálft er rúmir 700 m á hæð. Gleiðarhjalli er sterkt kennileiti í Skutulsfirði

Varnarvirkið samanstendur af þremur samtengdum varnarvirkjum, í framhaldi af þeim

varnargarði sem byrjað var að reisa sumarið 2010. Mest efni verður tekið innan skipulagssvæðisins og úr opnum námum á vegum sveitarfélagsins. Umframefni verður komið fyrir í aflagðri námu ofan við Grænagarð. Mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdanna verða í formi landmótunar, stígagerð og uppbyggingu útivistarsvæða. Skoða á möguleika á uppgræðslu og leitast við að skerða skógræktarsvæði sem minnst með verndun eldri skóa innan við Stóruð.


Athugasemdir Umhverfisstofnunar


Samkvæmt stefnu stjórnvalda *Velferð til framtíðar* eiga allir íbúar landsins að búa við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvár og haga skal landnýtingu með tilliti til þess.

Umhverfisstofnun telur að leggja þurfi áherslu á mótun garðsins og lands næst honum með þeim hætti að það falli sem best að nánasta umhverfi. Einnig þarf að leggja áherslu á uppgræðslu og að landmótun skapi sem best skilyrði fyrir gróðurframvindu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagsáætlun.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildastjóri


Vilborg G. Hansen
Sérfræðingur